

**Starfsreglur**  
**um breytingar á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 29/2021-2022.**

1. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup Íslands skipar verkefnastjóra kirkjuþings unga fólksins að vori ár hvert og boðar til þingsins í samráði við forseta kirkjuþings hins almenna. Þingið skal haldið árlega að hausti og starfi í tvo daga yfir helgi. Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag.

2. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við verkefnastjóra og starfandi svæðisstjóra æskulýðsmála.

3. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo: Á kirkjuþingi unga fólksins eiga sæti 21 fulltrúi prófastsdæmanna með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Fjöldi fulltrúa hvers prófastsdæmis er sem hér segir:

1. Reykjavíkprófastsdæmi vestra, 3 fulltrúar
2. Reykjavíkprófastsdæmi eystra, 3 fulltrúar
3. Kjalarnessprófastsdæmi, 3 fulltrúar
4. Vesturlandsprófastsdæmi, 2 fulltrúar
5. Vestfjarðprófastsdæmi, 2 fulltrúar
6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, 2 fulltrúar
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, 2 fulltrúar
8. Austurlandsprófastsdæmi, 2 fulltrúar
9. Suðurprófastsdæmi, 2 fulltrúar

Tveir fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi eiga seturétt á kirkjuþinginu með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 16 til 35 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og með tengst við þjóðkirkjuna í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir. Svæðisstjórar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastsdæmi. Í þeim prófastdæmum þar sem svæðisstjóri er ekki starfandi skal prófastur annast tilnefningar. Biskup tilkynnir öllum sem að framan greinir um rétt þeirra til að tilnefna fulltrúa. Svæðisstjóri og prófastur, þar sem við á, tilkynna valda fulltrúa til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins. Skulu fulltrúar kirkjuþings

unga fólksins vera valdir til tveggja ára. Geti fulltrúi ekki komist á þingið af einhverjum orsökum skal nýr fulltrúi (varamaður) vera valinn í hans stað sem hefur þá þátttökurétt til tveggja ára. Biskup Íslands boðar valda þingfulltrúa til kirkjuþings unga fólksins fjórum vikum fyrir þingdag. Forráðamenn þingfulltrúa, sem ekki hafa náð lögaldri, gefa skriflegt leyfi fyrir þátttöku þeirra á þinginu.

Þingið telst þinghæft ef tveir þriðju sæta eru setin.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt á kirkjuþingi 15. mars 2025 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.